

HVERFISRÁÐ HÁALEITIS- OG BÚSTAÐAHVERFIS

Ár 2016, mánudaginn 23. maí - kl.15:50 var haldinn 144. fundur hverfisráðs Háaleitis og Bústaða. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Efstaleiti 1. Viðstödd voru: Dóra Magnúsdóttir, Kristín Erna Arnardóttir (varamaður Harðar Oddfríðars.), Elín Oddný Sigurðardóttir, Hjalti Sigurðarson (varamaður Elínóru Ingu Sigurðard.) og Snorri Þorvaldsson áheyrnarfulltrúi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri og Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnastjóri þekkingarmiðstöðvar í PLH sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Staða verkefnisins Betri hverfi rædd. Hugmyndasöfnun hefst 25. maí.
2. Rætt um húsnæði Sólbúa fyrir næsta haust.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Háaleitis og Bústaða leggur áherslu á það við SFS að húsnæði Sólbúa fyrir nemendur í 3. og 4. bekk Breiðagerðisskóla, verði tryggt fyrir næsta vetur og að niðurstaða liggi fyrir sem fyrst.

Framkvæmdastjóra falið að koma bókuninni á framfæri við SFS.

3. Íbúafundir vegna hverfaskipulags. Tveir fundir eru fyrirhugaðir 31. maí kl.19.30 í íþróttasal Réttarholtsskóla og þann 1. júní kl. 19.30 í Háaleitisskóla. Farið yfir undirbúning og dagskrá fundanna þar sem ræða á framtíðarsýn fyrir þennan borgarhluta.

Gestur fundarins undir þessum lið er Ævar Harðarson.

- kl. 16.52 Hjalti víkur af fundi.

4. Lögð fram útskrift úr gerðabók USK dags. 12.05.2016 um drög að lýsingu á breytingum á aðalskipulagi og drög að deiliskipulagi Rúv-reitar. Einnig lagt fram erindi Þóris Stephensen dags.14. maí til formanns hverfisráðs.

Ákveðið að senda erindið áfram til USK með ósk um að bréfið verði tekið til efnislegrar meðferðar. Jafnframt mun formaður hverfisráðs svara bréfitara.

Gestur fundarins undir þessum lið er Borghildur Sturludóttir.

5. Erindi íbúa í Logalandi Fossvogi þar sem íbúar í götunni óska eftir stuðningi við að auka samstöðu íbúa í hverfinu gegn smáglæpum. Bréf dags. 3. maí til hverfisráðs. Vel tekið í hugmynd um íbúafund um öryggismál í hverfinu. Ákveðið að skoða málið nánar á ágústfundum ráðsins.

- kl. 17.20 Hjalti tekur sæti aftur á fundinum

Gestur fundarins undir þessum lið er Sturla Jóhann Hreinsson, íbúi í Logalandi 22 í Fossvogi.

6. Úthlutun styrkja úr Forvarnarsjóði Reykjavíkur og hverfissjóði fór fram 11. maí.
7. Rætt um samtakahópa í hverfum og tengslanet íbúa.

8. Lögð fram tillaga um að næstu fundir verði 13. júní og 22. ágúst.
Samþykkt.

Fundi slitið kl.18.15

	Dóra Magnúsdóttir (Sign)	
Elín Oddný Sigurðardóttir (Sign)		Kristín Erna Arnardóttir (Sign)
Hjalti Sigurðarson (Sign)		